

**Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur og
Rangárþing eystra, austan Markarfljóts**

**Svæðisáætlun um
meðhöndlun úrgangs á
starfssvæði byggðasamlagsins Hulu
2008-2020**

2009



environice

UMÍS ehf. Environice

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Tilgangur og umfang verkefnisins.....	4
3. Gildissvið og lýsing sveitarfélaga	5
4. Ástandslýsing	6
4.1. Heildarmagn úrgangs.....	6
4.1.1. Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang	7
4.1.2. Aðilar í meðhöndlun og förgun úrgangs.....	9
4.2. Meðhöndlun úrgangs.....	9
4.3. Magn og meðhöndlun úrgangs í einstökum sveitarfélögum	13
4.3.1. Skaftárhreppur	13
4.3.2. Mýrdalshreppur.....	14
4.3.3. Rangárþing eystra, austan Markarfljóts.....	15
4.4. Lífrænn úrgangur	16
4.5. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs.....	19
5. Spá um þróun til ársins 2020	24
6. Tillögur um aðgerðir	25
6.1. Tillögur fyrir starfssvæði Hulu	25
Viðauki 1: Skilgreiningar	28
Viðauki 2: Gildandi lög og reglugerðir	30

Töfluskrá

Tafla 1: Sveitarfélög og tengiliðir	3
Tafla 2: Íbúafjöldi og stærð sveitarfélaga.....	5
Tafla 3: Heildarmagn úrgangs eftir sveitarfélögum árið 2008	7
Tafla 4: Urðunarstaðir	7
Tafla 5: Aðstaða fyrir meðhöndlun úrgangs.....	10
Tafla 6: Söfnun og flutningur heimilisérgangs á svæðinu	10
Tafla 7: Flokkunarmöguleikar sem standa til boða fyrir fyrirtæki og almenning í..... sveitarfélögum	11
Tafla 8: Meðhöndlunarleiðir úrgangs	12
Tafla 9: Magn lífrænna úrgangsefna sem leyfilegt verður að urða í hverju sveitarfélagi/sorpsamlagi.....	17
Tafla 10: Lífrænn úrgangur í sveitarfélögunum, reiknað út frá heildarmagni úrgangs*..	18
Tafla 11: Sorphirðukostnaður heimila, árið 2009	19
Tafla 12: Kostnaður sveitarfélaga (í þús. kr.)	19

1. Formáli

Svæðisáætlun þessi um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði byggðasamlagsins Hulu, nær til sveitarfélaganna Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps og hluta Rangárþings eystra, austan Markarfljóts.

Áætlunin var unnin af UMÍS ehf. Environice fyrir hönd sveitarfélaganna. Skýrslan var unnin af Ragnhildi Helgu Jónsdóttur umhverfislandfræðingi, ásamt Stefáni Gíslasyni, umhverfisstjórnunarfræðingi.

Fyrir hvert sveitarfélag voru tilnefndir sérstakir tengiliðir fyrir verkefnið og voru þeir eftirtaldir:

Tafla 1: Sveitarfélög og tengiliðir

Sveitarfélag	Tengiliður
Skaftárhreppur	Bjarni Daníelsson
Mýrdalshreppur	Sveinn Pálsson
Rangárþing eystra	Ágúst Ingi Ólafsson

Við gerð áætlunarinnar var fylgt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar fyrir sveitarfélög og sorpsamlög um gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs.

Við gerð áætlunarinnar voru upplýsingar einnig fengnar frá eftirtöldum aðilum:

- Sigurjóni Ragnarssyni, starfsmanni Íslenska Gámafélagsins í Skaftárhreppi
- Ögmundi Ólafssyni, sem sér um sorphirðu í Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra
- Birgi Á. Kristjánssyni, framkvæmdastjóra umhverfissviðs Íslenska Gámafélagsins

2. Tilgangur og umfang verkefnisins

Samkvæmt lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, ásamt landsáætlun fyrir meðhöndlun úrgangs eiga sveitarstjórnir að semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, sem byggist á markmiðum landsáætlunar. Samkvæmt leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun þurfa svæðisáætlanir að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Útlista magn og tegund úrgangs sem fellur til á því svæði sem svæðisáætlunin nær til, ásamt því að draga úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu þess úrgangs sem fellur til á svæðinu.
- Að tryggja að sorphirða og móttaka á úrgangi séu í samræmi við afkastagetu söfnunar-, flokkunar- og förgunarstöðva.
- Að tryggja viðeigandi meðhöndlun fyrir þá úrgangsflokka sem sérstakar reglur, takmörkun og/eða bann gilda (t.d. hjólbarðar, brotamálmar, lífrænn úrgangur, sprengiefni, sóttmengaður úrgangur, slátur- og dýraúrgangur). Þá þarf í áætluninni að vera yfirlit yfir hentug svæði þar sem úrgangi kann að verða fargað.
- Að kortleggja og útlista efnahagslegar forsendur og fjárfestingar vegna sorphirðu, flokkunar, endurvinnslu og endurnýtingu meðhöndlunarmáta, tækjakosts ofl.
- Að stuðla að því að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Áætlunin nær yfir allan úrgang í sveitarfélögunum sem um ræðir, hvort sem um er að ræða heimilis-, rekstrarúrgang eða annan úrgang, s.s. brotamálma, hjólbarða og spilliefni. Bæði er um að ræða blandaðan úrgang frá heimilum og rekstri ásamt flokkuðum úrgangi. Sérstök áhersla er lögð á lífrænan úrgang vegna krafna í lögum um að minnka magn lífræns úrgangs sem fer í urðun í áföngum á tímabilinu sem svæðisáætlun þessi nær yfir.

Tekið skal fram að í sumum tilfellum reyndist erfitt að fá nákvæmar tölur yfir magn úrgangs hjá sveitarfélögunum og því er í mörgum tilfellum um áætlun að ræða, ef magn er tilgreint.

Í svæðisáætluninni er greint frá núverandi fyrirkomulagi í meðhöndlun úrgangs á svæðinu en einnig eru kynntar tillögur aðgerðaáætlun fyrir sveitarfélög á svæðinu.

Svæðisáætlun þessi gildir til ársins 2020 en samkvæmt reglum Umhverfisstofnunar á að endurskoða svæðisáætlanir þriðja hvert ár. Fyrsta endurskoðun skal því fara fram árið 2012.

3. Gildissvið og lýsing sveitarfélaga

Svæðisáætlun þessi um meðhöndlun úrgangs gildir fyrir sveitarfélögin Skaftárhrepp, Mýrdalshrepp og Rangárþing eystra (austan Markarfljóts).

Tafla 2: Íbúafjöldi og stærð sveitarfélaga

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Stærð km ²	Íbúar/km ²
Skaftárhreppur	466	6.946	0,07
Mýrdalshreppur	488	755	0,65
Rangárþing eystra	1.741	1.841	0,94
Þar af austan Markarfljóts	267	850	0,31
ALLS Á STARFSSVÆÐI HULU	1.221	8.551	0,14

Íbúafjöldi samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, 1. des. 2007.
Flatarmál samkvæmt upplýsingum frá Landmælingum Íslands.

Skaftárhreppur

Sveitarfélagið er austurhluti V-Skaftafellssýslu og nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri austur að Sandgýgjukvísl á Skeiðarársandi. Aðalatvinnuvegur svæðisins er landbúnaður, en fiskeldi og einkum ferðaþjónusta eru vaxandi atvinnugreinar. Kirkjubæjarklaustur er eini þéttbýliskjarninn í hreppnum og þar eru helstu þjónustustofnanirnar en sveitarfélagið sjálft er stærsti vinnuveitandinn. Vegalendir innan sveitarfélagsins eru miklar, bæði enda á milli í því, en einnig er byggðin dreifð út frá þjóðvegi 1, bæði með fram fjöllum en einnig niður á söndunum. Magn úrgangs er mjög mismikið eftir árstímum og skýrist það af hinni miklu ferðaþjónustu sem starfrækt er á svæðinu. Nokkur tiltölulega stór sveitahótel eru í sveitarfélaginu, auk minni gistiheimila og fellur mikið magn úrgangs til yfir sumarmánuðina hjá þessum aðilum. Þetta getur haft áhrif á úrgangsmeðhöndlun á svæðinu.

Mýrdalshreppur

Sveitarfélagið nær yfir vesturhluta V-Skaftafellssýslu, frá Blautukvísl á Mýrdalssandi í austri að Jökulsá á Sólheimasandi í vestri. Þéttbýli er í Vík, en annars er byggðin í megin dráttum meðfram þjóðvegi 1. Helstu atvinnugreinar eru landbúnaður, ýmis konar þjónusta, einkum ferðaþjónusta og iðnaður s.s. þrjónastofa. Líkt og í Skaftárhreppi, sveiflast magn úrgangs mikið eftir árstímum vegna mikillar ferðaþjónustu og þarf meðhöndlun úrgangs að taka mið af því.

Rangárþing eystra

Sá hluti þessa sveitarfélags sem tilheyrir starfssvæði byggðasamlagsins Hulu, eru fyrrverandi Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppar og nær svæðið frá Jökulsá á Sólheimasandi og rétt vestur fyrir Markarfljót. Til hagræðis verður þó í umfjöllun miðað við Markarfljót. Á þessum hluta sveitarfélagsins er landbúnaður aðalatvinnugreinin og ferðaþjónusta þar á eftir. Líkt og í hinum sveitarfélögunum, eru sveiflur í magni úrgangs miklar milli árstíða og þarf að taka mið af því. Þar sem einungis er um hluta sveitarfélagsins að ræða, gerir það samanburð og útreikninga á úrgangsmagni og kostnaði erfiðan við önnur sveitarfélög. Ekki er í öllum tilfellum hægt að fá sér upplýsingar fyrir þennan hluta sveitarfélagsins og er það tekið fram þegar upplýsingar ná yfir sveitarfélagið í heild.

4. Ástandslýsing

Í þessum kafla er greint frá núverandi ástandi í úrgangsmálum á svæðinu. Fyrst eru kynntar niðurstöður um heildarmagn úrgangs á svæðinu, ásamt áætlun um magn lífræns úrgangs. Síðan er sorphirðu- og meðhöndlunarkerfi sveitarfélaganna þriggja kynnt, en einnig er gerð grein fyrir kostnaðarþætti starfseminnar og ályktanir um núverandi stöðu kynntar.

4.1. Heildarmagn úrgangs

Í Skaftárhreppi er úrgangur vigtaður og flokkaður eftir tunnunum þremur sem eru við hvert heimili í þéttbýlinu á Klaustri. En að öðru leyti er viðmiðunarform Unhverfisstofnunar fyrir móttöku og ráðstofun úrgangs ekki notað.

Í Mýrdalshreppi er þetta viðmiðunarform hins vegar notað, sem og fyrir urðunarstaðinn á Skógasandi. En magn úrgangs hefur ekki verið vigtað í öllum tilfellum, heldur er um að ræða áætlun á magninu út frá stikkprufum um þyngd úrgangs, fjölda tæminga og mati starfsmanna. Því eru tölurnar um magn úrgangs sem hér eru notaðar, birtar með fyrirvara.

Sama á við í Rangárþingi eystra, austan Markarfljóts, nema viðmiðunarformið hefur ekki verið notað þar.

Einungis í Mýrdalshreppi liggja fyrir áætlanir um hversu hátt hlutfall af úrganginum kemur frá fyrirtækjum eða heimilum.

Í töflu 3 er yfirlit yfir heildarmagn úrgangs í sveitarfélögunum þremur, greint eftir helstu úrgangsflokkum.

Tafla 3: Heildarmagn úrgangs eftir sveitarfélögum árið 2008

	Skafárhreppur*	Mýrdalshreppur	Rangárþing eystra
Almennur úrgangur	146	184	116
Annað óflokkað			
Grófur úrgangur			?
Gler			
Seyra		30	?
Garðaúrgangur		17	
Timbur			?
Brotajárn/málmur,/ökutæki		104	105
Hjólbarðar	5	20	5
Spillefni/rafgeymar/-hlöður			1
Blandaður byggingaúrg.		262	
Pappír/dagblöð/tímarit		6	
Bylgjupappi		27	
Fernur			
Heyrúlluplast	54	22	?
Annað plast			
Glerflöskur			
Plastflöskur			
Áldósir			
Lífrænn úrgangur í jarðgerð	2,2		
Græna tunnan**	7,7		
ALLS (tonn)	215	672	227
Kg/íbúa	461	1377	850

* Einungis fengust upplýsingar um magn heimilisúrgangs, að viðbættu heyrúlluplasti

** Í Grænu tunnuna fara pappír (þ. á m. dagblöð og tímarit), pappi, fernur, plastumbúðir og minni málmur.

4.1.1. Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang

Á starfssvæði Hulu bs. eru nú starfræktir tveir urðunarstaðir fyrir almennan úrgang og einn urðunarstaður fyrir seyru, byggingarúrgang og landbúnaðarplast.

Tafla 4: Urðunarstaðir

Urðunarstaður	Urðun 2008	Leyfileg urðun á ári	Gildistími starfsleyfis
Stjórnarsandur, Skafárhreppi	Ekki vigtað	200 t	30. júní 2009
Öxarfótarlækur, Mýrdalshreppi	Ekki vigtað	80 t	30. júní 2009
Skógasandur	340 t	400 t	30. júní 2009

Stjórnarsandur, Skaftárhreppi

Á Stjórnarsandi er urðunarstaður Skaftárhrepps, sem er eigandi og rekstraraðili hans. Staðurinn hefur starfsleyfi fyrir urðun á allt að 200 tonnum af úrgangi og gildir starfsleyfið fyrir urðun á sláturhúsaúrgangi, seyru, byggingarúrgangi og ösku frá Sorporkustöð Skaftárhrepps. Einnig gildir það fyrir móttöku á brotajárni og geymslu á garðaúrgangi. Úrgangur er urðaður jafnóðum, nema grófur úrgangur sem ekki er urðaður. Urðunarstaðurinn þykir ekki nógu hentugur að því leyti að jarðvatn stendur hátt í honum og því liggur úrgangurinn í vatni að hluta. Starfsleyfi urðunarstaðarins gildir til 30.júní 2009 en aðlögunaráætlun hefur ekki verið útbúin fyrir staðinn.

Öxarfótarlækur, Mýrdalshreppi

Mýrdalshreppur er eigandi og rekstraraðili á urðunarstaðnum við Öxarfótarlæk, rétt austan Víkur. Staðurinn er í raun tvískiptur, því urðun seyru fer fram sunnan Þjóðvegur 1 en norðan Þjóðvegur 1, upp undir fjallinu, er svæði fyrir urðun á byggingarúrgangi og landbúnaðarplasti. Einnig er þar tekið á móti garðaúrgangi frá íbúum í Vík.

Urðunarstaðurinn hefur starfsleyfi til 30. júní 2009 og gildir það fyrir meðhöndlun á 80 tonnum af úrgangi á ári. Árið 2004 var útbúin aðlögunaráætlun fyrir urðunarstaðinn, í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Skógasandur, Rangárþingi eystra

Byggðasamlagið Hula bs á og rekur urðunarstaðinn á Skógasandi. Starfsleyfi staðarins, sem gildir til 30. júní 2009, er fyrir urðun á allt að 400 tonnum af úrgangi á ári og gildir það fyrir urðun flokkaðs heimilisúrgangs og urðun rekstrarúrgangs með svipaða eiginleika og heimilisúrgangs. Einnig er heimilt að urða ösku frá sorporkustöðvum. Ekki hefur verið unnin aðlögunaráætlun fyrir urðunarstaðinn. Aðstæður á Skógasandi eru mjög góðar til urðunar, þar sem um þurran sand er að ræða, sem urðað er í. Hins vegar er lítill sem enginn umbúnaður á staðnum, t.d. engin söfnun sigvatns og ekkert gert til að varna því að vatn komist ofan í úrganginn. Þetta getur haft áhrif á hversu lengi staðurinn fær starfsleyfi.

Í upphafi var áætlað að hver urðunarrein myndi endast í eitt ár, en reynslan hefur sýnt að hver rein endast í 2,5 til 3 ár. Endingartími urðunarstaðarins í heild er því mun lengri en áætlað var í upphafi, auk þess sem umhverfis urðunarstaðinn er landsvæði sem einnig hentar til urðunar.

Við undirbúning á nýju starfsleyfi urðunarstaðarins hefur byggðasamlagið ákveðið að kanna möguleika á að útvíkka starfsleyfið þannig að heimilt verði að urða grófan úrgang og dýrahæ.

Við urðunarstaðinn á Skógasandi er gá mavöllur fyrir eystri hluta Rangárþings eystra. Þar er tekið á móti brotajárni, timbri, grófum úrgangi, heimilistækjum, dekkjum, spilliefnum og garðaúrgangi. Grófur úrgangur, s.s. timbur, er urðað á sérstökum stað innan girðingar urðunarstaðarins, en múrbrot er urðað utan girðingar. Almennur úrgangur er urðaður en annar úrgangur er fluttur burtu til endurvinnslu. Fyrir nokkrum árum var landbúnaðarplast urðað sér innan urðunarstaðarins og var það gert til þess að hægt væri að grafa það upp síðar, þegar aðstæður biðu upp á það. Við athugun hefur komið í ljós að plastið er hreint og þurrt og hentar því vel til endurvinnslu, þegar þar að kemur.

4.1.2. Aðilar í meðhöndlun og förgun úrgangs

Ögmundur Ólafsson

Ögmundur sér um sorphirðu og umhirðu gámvalla í Mýrdalshreppi og Vestur-Eyjafjallahreppi hinum forna. Fyrirtæki hans er með pressubíl og á auk þess allar tunnur og gáma sem notaðir eru fyrir úrgang á því svæði sem hann þjónustar.

Íslenska gámafélagið ehf.

Skaftárhreppur hefur gert samning við Íslenska gámafélagið ehf. um hirðingu og meðhöndlun úrgangs. Sá samningur gekk í gildi 1. september 2008 og hefur fyrirtækið starfsmenn í sveitarfélaginu sem annast þessi mál.

Guðni Ingólfsson

Guðni hefur séð um hirðingu úrgangs í Austur-Eyjafjallahreppi hinum forna. Hann er með einfaldan vagn sem hann hirðir úrganginn á og kemur til urðunar á Skógasandi.

4.2. Meðhöndlun úrgangs

Í þessum kafla er greint frá núverandi meðhöndlun úrgangs á svæðinu, hvernig sorphirðukerfið er, ásamt þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi til meðhöndlunar úrgangs, flokkun, endurnotkun, endurnýtingu og förgun úrgangs. Í töflu 5 er yfirlit yfir aðstöðu fyrir meðhöndlun úrgangs í hverju sveitarfélagi fyrir sig og í töflu 6 er yfirlit yfir sorphirðukerfin.

Tafla 7 sýnir hvaða flokkunarmöguleikar eru í boði fyrir almenning og fyrirtæki annað hvort á vegum sveitarfélaganna eða annarra aðila. Taflan sýnir einungis flokkunarleiðir sem eru í boði, en ekki hversu stórt hlutfall af hverri tegund er flokkað. Töfluna skal lesa í samhengi við töflu 8 um meðhöndlunarleiðir, en sú tafla sýnir þær meðhöndlunarleiðir sem eru í boði fyrir hverja tegund úrgangs í sveitarfélögunum.

Tafla 5: Aðstaða fyrir meðhöndlun úrgangs

	Skattárheppur	Mýrdalshreppur	Rangárþing eystra, austan Markarfljóts
Mannaðir lokaðir gámvellir	0	0	0
Aðrir söfnunarstaðir	1	1	1
Opnir og lokaðir gámar, allir flokkar	0	0	2
Gámar úti í sveit	0	0	2
Típpar og geymslugryfjur	1	2	1
Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang	1	1	1
Urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang	1	1	1
Urðunarstaðir fyrir lífrænan úrgang	1	1	0
Móttökustaðir fyrir garðaúrgang	1	1	0
Gamlir sorphaugar og gryfjur	0	0	0
Seyrugryfjur	1	1	0

Aðrir söfnunarstaðir: t.d. opnir gámvellir, áhaldahús eða aðrir aðilar
Geymslugryfjur: t.d. fyrir brotamálm, heyrúlluplast eða timbur

Tafla 6: Söfnun og flutningur heimilisúrgangs á svæðinu

Sveitarfélag	Söfnunaraðili	Tíðni söfnunar	Búnaður	Ílát	Mannskapur
Skaftárhreppur	Ísl. Gámafél.	Klaustur: Almennur úrg. hirtur 1x í mán, lífrænn úrgangur 2x í mán, endurvinnanl. úrg. 1x í mán. Dreifbýli: almennur úrg. hirtur 2x í mán, endurvinnanl. úrg. hirtur á tveggja mán fresti	Pressubíll Krókbíll Hjólagrafa, tímabundið	Tunnur	2 menn
Mýrdalshreppur	Ögmundur Ólafsson	Vikulega frá 15. maí til 15. sept, 2x í mán yfir veturinn	Pressubíll	Tunnur	1 maður
Rangárþing eystra, Austur-Eyjafjallahr.	Guðni Ingólfsson	Vikulega frá 15. maí til 15. sept, 2x í mán yfir veturinn	Traktor með vagn	Pokar	1 maður
Rangárþing eystra, Vestur-Eyjafjallahr.	Ögmundur Ólafsson	Vikulega frá 15. maí til 15. sept, 2x í mán yfir veturinn	Pressubíll	Tunnur	1 maður

Tafla 7: Flokkunarmöguleikar sem standa til boða fyrir fyrirtæki og almenning í sveitarfélögum

	Skafthreppur	Mýrdalshreppur	Rangárþing eystra, austan Markarfljóts
Grófur úrgangur	Já	Já	Já
Skilgaldsskyldar drykkjarumbúðir	Já	Já	Já*
Dagblöð/Tímarit/Skrifstofupappír	Já	Já	Já*
Bylgjupappi	Já	Já	Já*
Fernur	Já	Já	Já*
Aðrar pappírs- og pappaumbúðir	Já	Já	Já*
Plast	Já	Nei	Nei
Gler og postulín	Nei	Nei	Nei
Föt	Nei	Já	Já
Nytjahlutir, húsgögn/húsbúnaður	Nei	Nei	Nei
Kertaafgangar	Nei	Nei	Nei
Rafhlöður	Já	Já	Já
Rafgeymar	Já	Já	Já
Önnur spilliefni	Já	Já	Já
Raftæki	Já	Já	Já
Hjólbarðar	Já	Já	Já
Ökutæki	Já	Já	Já
Annað brotajárn/málmar	Já	Já	Já
Timbur	Já	Já	Já
Heyrúlluplast	Já	Já	Já
Garðaúrgangur	Já	Já	Nei
Matarleifar	Já**	Nei	Nei

Já Flokkun er í boði

Nei Flokkun er ekki boði

ÆV Á ekki við

* Í boði á Hvolsvelli en ekki austan Markarfljóts

** Í þéttbýlishluta sveitarfélagsins

Tafla 8: Meðhöndlunarleiðir úrgangs

	Skafthreppur	Mýrdalshreppur	Rangárbing eystra, austan Markarfljóts
Almennur úrgangur	BR	AU	AU
Grófur úrgangur	ÓU	ÓU	ÓU
Slátur- og dýraúrgangur	AU	ES	ES
Garðaúrgangur	LG	LG	ES
Seyra	ES	SG	ES
Drykkjarumbúðir	FA	FA	FA
Dagblöð/Tímarit/Pappír	FA	FA	FA
Bylgjupappi	FA	AU	FA
Fernur	FA	FA	FA
Aðrar pappírs- og pappambúðir	FA	FA	FA
Plast	FA	ES	ES
Gler og postulín	AU	AU	AU
Föt	AU	FA	AU
Nytjahlutir, húsgögn/húsbúnaður	AU	AU	AU
Kertaafgangar	AU	AU	AU
Rafhlöður	FA	FA	FA
Rafgeymar	FA	FA	FA
Önnur spilliefni	FA	FA	FA
Raftæki	FA	FA	FA
Hjólbarðar	FA	FA	FA
Ökutæki	FA	FA	FA
Annað brotajárn/málmar	FA	FA	FA
Ómálað timbur	ENÝ	AU	AU
Málað timbur	BR	AU	AU
Heyrúlluplast	ENÝ	ENÝ	ENÝ
ENO	Endurnotkun		
ENÝ	Endurnýting		
BR	Brennsla með orkunýtingu		
LG	Landgræðsla/Landmótun		
AU	Urðun fyrir almennan úrgang		
ÓU	Urðun fyrir óvirkan úrgang		
LU	Urðun fyrir lífrænan úrgang		
SU	Sérurðun á urðunarstað fyrir almennan úrgang		
SG	Urðun á seyru		
GE	Geymsla		
ATH	Meðhöndlun í athugun		
ÁB	Áramótabrennur		
FA	Flutt annað til meðhöndlunar, endurnýtingar eða endanlegrar förgunar		
ES	Ekki sinnt á vegum sveitarfélagsins		

4.3. Magn og meðhöndlun úrgangs í einstökum sveitarfélögum

4.3.1. Skaftárhreppur

Árið 2008 samdi sveitarfélagið við Íslenska gámafélagið hf. um meðhöndlun og förgun úrgangs og byggir núverandi meðhöndlun á mikilli flokkun og endurnýtingu úrgangs. Tekin var upp svokölluð „þriggja tunnuleið“ í byggðakjarnanum á Kirkjubæjarklaustri, þar sem við hvert heimili eru þrjár tunnur; brún tunna undir lífrænan úrgang, græn tunna undir endurvinnanlegan úrgang og þriðja tunna, sú gráa, undir almennan úrgang, sem síðan er brenndur í sorpbrennslustöð á staðnum. Í dreifbýli eru einungis tvær tunnur við hvert heimili; fyrir endurvinnanlegan úrgang og hins vegar fyrir almennan úrgang.

Undanfarinn áratug hefur verið starfrækt sorpbrennsla á Kirkjubæjarklaustri. Hitinn sem fæst úr henni er nýttur til upphitunar á sundlaug og skólahúsnaði. Það er því ávinningur sveitarfélagsins að nýta orkuna með þessum hætti. Í nokkur ár hefur einnig verið stunduð miðlæg jarðgerð á staðnum og hentar það mjög vel með brennslunni, þar sem mikla orku þarf við brennslu á lífrænum úrgangi. Úrgangur hefur því verið flokkaður af íbúum á undanförunum árum og því var aðferðafræðin þekkt. Um tíma var einnig annar úrgangur flokkaður en þeirri flokkun var síðan hætt. Sú neikvæða reynsla sem af því hlaut, hefur hins vegar ekki komið í veg fyrir góðan árangur við flokkun haustið 2008.

Við sorphirðuna er notaður pressubíll, sem nýttur er við losun á öllum úrgangsflokkum. Á Klaustri er lífrænn úrgangur hirtur á tveggja vikna fresti, endurvinnanlegur úrgangur einu sinni í mánuði, sem og almennur úrgangur. Í dreifbýli eru einungis tvær tunnur og er almennur úrgangurinn hirtur á tveggja vikna fresti en endurvinnanlegur úrgangur er hirtur á tveggja mánaða fresti. Heyrúlluplast er sótt á sömu dögum og almenni úrgangurinn í dreifbýlinu. Dreifbýlinu er skipt í tvö svæði og er úrgangur hirtur á hvoru svæði um sig í sitt hvorri ferðinni en þessi skipting skýrist af miklum vegalengdum innan sveitarfélagsins.

Verulega vantar upp á að tölur um heildarmagn úrgangs í sveitarfélaginu liggi fyrir, þar sem einungis fengust magntölur fyrir heimilisúrgang, heyrúlluplast og hjólbarða. Tekið skal fram að magn hjólbarða var áætlað út frá því magni sem fór til meðhöndlunar á árinu 2007. Því er ljóst að heildarmagn úrgangs er mun meira en kemur fram í töflu 3 hér að framan og þessi skortur á upplýsingum gerir samanburð milli sveitarfélaga og svæða ómögulegan.

Miklar sveiflur eru í myndun úrgangs milli árstíma, vegna hinnar miklu ferðaþjónustu sem er á svæðinu. Það gerir meiri kröfur til þess kerfis meðhöndlunar úrgangs sem er í sveitarfélaginu.

Enn er engin formlega móttaka á raf- og rafeindatækjaúrgangi, þrátt fyrir að að lög þar að lútandi hafi tekið gildi 1. janúar 2009. Fyrirtækið RR-skil hefur ekki enn samið við sveitarfélögin á svæðinu og á þetta því við á öllu starfssvæði Hulu.

Samningur sveitarfélagsins við Íslenska gámafélagið nær einungis yfir hirðingu úrgangs frá heimilum. Eigendur fyrirtækja þurfa sjálfir að semja við Íslenska gámafélagið um hirðingu úrgangs, óski þau þess, en greiða hins vegar sorpeyðingargjald til sveitarfélagsins.

Í gildi er samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi, frá árinu 2004. Hún tekur ekki mið af núverandi meðhöndlun úrgangs og þyrfti lítilsháttar endurskoðun á henni, en að mestu leyti getur hún staðið óbreytt.

Í útjaðri iðnaðarhverfis á Klaustri er opinn gámvöllur, þar sem eru gámar fyrir eftirfarandi flokka:

- Brotamálmar
- Garðaúrgangur
- Grófur úrgangur
- Hjólbarðar
- Kælitæki
- Ómálað timbur
- Spilliefni

Gámar eru snyrtilegir og svæðið í kring, en vegna þess að svæðið er opið, er flokkun ekki nægilega góð. Ráðgert er að útbúa lokaðan gámvöll, þegar hann verður fluttur á urðunarsvæði, en nákvæm tímasetning á því er ekki komin.

Engin regluleg tæming rotþróa er í sveitarfélaginu, en sveitarstjórn áformar að gera samning um slíkt við til þess bærán aðila. Einnig er ráðgert að útbúa samþykkt um meðferð seyru.

4.3.2. Mýrdalshreppur

Magn úrgangs í Mýrdalshreppi hefur ekki verið vigtað reglulega, heldur er það áætlað út frá stikkprufum þar sem vigtun hefur farið fram og reiknað út frá því. Þær upplýsingar sem koma fram hér að framan, eru samkvæmt þeirri skilgrein sem send var Umhverfisstofnun um móttöku og ráðstöfun úrgangs.

Áætlað er að 184 tonn af blönduðum úrgangi hafi farið til urðunar á Skógasandi árið 2008 og er líðlega helmingur þess frá heimilum. Um 262 tonn af blönduðum bygginga- og niðurrifsúrgangi komu til meðhöndlunar og var því komið fyrir á urðunarstöðunum tveimur sem sveitarfélagið hefur. Af pappa komu 27 tonn frá fyrirtækjum og fór það allt til urðunar. Pappír frá heimilum var hins var settur í endurvinnslu og voru það 6 tonn. Garðaúrgangur, 17 tonn, var nýttur til landgræðslu, en 30 tonn af seyru sem kom frá heimilum, var urðaður á urðunarstað við Öxarfótarlæk. Einnig var komið í endurvinnslu 22 tonnum af heyrúlluplasti, 20 tonnum af hjólbörðum og 104 tonn af brotajárni. Þá eru ótalin spilliefni, skilagjaldsskyldar umbúðir og fernur, sem öllu var komið í endurvinnslu en ekki eru til upplýsingar um magn.

Í sveitarfélaginu er úrgangur hirtur vikulega yfir sumarmánuðina, frá 15. maí til 15. september, en á tveggja vikna fresti í annan tíma og er hirt bæði frá heimilum og fyrirtækjum í sömu ferð. Ögmundur Ólafsson sér um sorphirðuna og notar til þess pressubíll, sem síðan er tæmdur í urðunarreinar á Skógasandi. Jafnóðum er mokað yfir úrganginn, til að koma í veg fyrir fok. Við hvert heimili eru 240 lítra tunnur, sem eru í eigu verktakans. Miklar sveiflur eru í magni úrgangs eftir árstímum og skýrist það af þeirri miklu ferðþjónustu sem er í

sveitarfélaginu. Að mati verktakans, tvöfaldast magnið yfir sumarmánuðina, frá því sem er að vetri til.

Rúlluplast er hirt af bæjum þrisvar á ári og flutt til endurvinnslu í Plastmótun í Reykjavík.

Í iðnaðarhverfi í Vík er opinn gá mavöllur sveitarfélagsins. Þar var steypdur rampur sumarið 2008, þar sem pláss er fyrir 6-8 stóra gáma. Svæðið allt er ómalbikað og stendur það umgengni á svæðinu fyrir þrifum. Ráðgert var að loka gá mavellinum og hafa fasta opnunartíma. Eftirfarandi flokkar eru á gá mavellinum:

- Brotajárn
- Timbur
- Grófur úrgangur
- Dekk
- Garðaúrgangur
- Spilliefni
- Fernur
- Dagblöð/sléttur pappi
- Almennur heimilisúrgangur

Áætlað er að loka gámaplaninu vorið 2009 og skapar það möguleika á aukinni og bættri flokkun úrgangs til endurvinnslu. Hreint timbur verður kurlað og pappa og plastumbúðum verður komið til endurvinnslu.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að sjá um tæmingu allra rotþróa í sveitinni.

4.3.3. Rangárþing eystra, austan Markarfljóts

Magn úrgangs í þessum hluta sveitarfélagsins hefur ekki verið vigtað reglulega, heldur er það áætlað út frá stikkprufum þar sem vigtun hefur farið fram og reiknað út frá því. Þær upplýsingar sem koma fram hér að framan, eru samkvæmt þeirri skilagrein sem send var Umhverfisstofnun um móttöku og ráðstöfun úrgangs.

Áætlað er að 116 tonn af blönduðum úrgangi hafi farið til urðunar á Skógasandi árið 2008 frá sveitarfélaginu og var metið svo að úrgangurinn skiptist til helminga frá heimilum og fyrirtækjum. 105 tonn af brotajárni var flutt brott úr sveitarfélaginu, 5 tonn af dekkjum og liðlega 1 tonn af spilliefnum. Ekki eru til magntölur fyrir aðra flokka úrgangs, s.s. heyrúlluplast, timbur, seyru og grófan úrgang.

Í þessum hluta sveitarfélagsins er úrgangur hirtur vikulega yfir sumarmánuðina, frá 15. maí til 15. september, en á tveggja vikna fresti annan tíma ársins og er hirt bæði frá heimilum og fyrirtækjum í sömu ferð. Tveir aðilar sjá um sorphirðuna. Í þeim hluta sem áður tilheyrði Austur-Eyjafjallahreppi, sér Guðni Ingólfsson um sorphirðuna en hann einfaldan vagn sem úrgangurinn er settur á, og eru ruslapokar notaðir, í stað sorptunna. Í Vestur-Eyjafjallahreppi hinum forna, sér Ögmundur Ólafsson um sorphirðuna, líkt og í Mýrdalshreppi. Notaður er pressubíll og við hvert heimili eru 240 lítra tunnur, sem eru í eigu verktakans.

Þessu til viðbótar eru gámar fyrir heimilisúrgang á þremur stöðum í sveitarfélaginu, þ.e. við Skálakrök, Seljalandsrétt og Hamragarða. Þar eru 600 lítra ker, mismunandi mörg eftir árstímum. Brotajárni hefur verið safnað við Stóra-Dal og það síðan flutt í burtu af og til. Einnig er gámur fyrir grófan úrgang stundum staðsettur við Seljalandsrétt, auk kers fyrir spilliefni. Íbúar á eystri hluta svæðisins (Austur-Eyjafjallahreppi hinum forna), nýta gámasvæðið sem er við urðunarstaðinn á Skógasandi. Þar eru gámar eða aðstaða fyrir timbur, málma, grófan úrgang, heimilistæki, spilliefni o.fl.

Á vorin hefur verið reynt að safna aukalega málmum og timbri, auk þess sem íbúar hafa getað fengið brotajárnsgáma heim á bæi, t.d. þegar verið er að rífa hús. Íbúar hafa ekki greitt fyrir þessa þjónustu, þótt samkvæmt reglum eigi þeir að greiða fyrir förgun úrgangsins, en sveitarfélagið hefur kosið að innheimta ekki þennan kostnað, í þeirri von að það hvetji fleiri til að taka til í kringum sig. Rúlluplast er hirt þrisvar á ári og er þá farið á þá bæi sem hafa óskað eftir að fá rúlluplastið hirt.

Ekki er um skipulega tæmingu á rotþróum í sveitarfélaginu, nema í þéttbýlinu á Skógum, þar sem rotþrær eru reglulega tæmdar. Annars er það einungis undir hverjum og einum umráðamanni rotþróa að tæma þær. Enginn urðunarstaður fyrir seyru er í sveitarfélaginu og þar sem rotþrær eru tæmdar með dælubíl, eru seyran flutt til urðunar á Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfusi.

Móttaka fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir er á Hvolsvelli og fara íbúar þangað með umbúðirnar. Einnig er á Hvolsvelli gámaplan sem allir íbúar nýta sér, hvort sem þeir eru búsettir austan eða vestan Markarfljóts. Þar er hefðbundin flokkun á gámaplaninu, s.s. timbur, málmar, fernur, pappír, dekk, spilliefni o.fl. Hins vegar er óvíst hvort íbúar austast í sveitarfélaginu nýti sér gámaplan á Hvolsvelli, þar sem um langan veg er að fara, jafnvel þótt íbúarnir sæki aðra þjónustu á Hvolsvöll. Þannig að þótt í töflum 7 og 8 sé tilgreint að meðhöndlunarleiðir séu til staðar fyrir úrgang, s.s. fernur, pappa, pappír, drykkjarumbúðir o.fl., er óvíst hversu mikið af þessum úrgangsflokkum skilar sér frá íbúum austan Markarfljóts. Það sem íbúarnir koma ekki sjálfir með á gámapöllinn á Hvolsvelli, fer til urðunar á Skógasandi.

Það verður að teljast nokkuð sérstætt að ekki skuli vera sama fyrirkomulag á sorphirðu og meðhöndlun úrgangs alls staðar í sveitarfélaginu, en það byggir á því fyrirkomulagi sem var fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Umræður eru uppi um breytingar á meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu og eru líkur á að þær verði gerðar bráðlega, þar sem samningar við þá aðila sem sinna sorphirðu austan Markarfljóts renna út á árinu 2009.

4.4. Lífrænn úrgangur

Í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs hefur Umhverfisstofnun gefið út magn lífræns úrgangs sem leyfilegt verður að urða í hverju sveitarfélagi eða sorpsamlagi á árunum 2009, 2013 og 2020 (sjá viðauka 4 í Landsáætlun). Hér að neðan í töflu 9 má sjá upplýsingar um þetta magn í þeim sveitarfélögum sem um ræðir í þessari svæðisáætlun, teknar upp úr viðauka 4 í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Tekið skal fram að í töflunni eru Mýrdalshreppur og Rangárþing eystra, austan Markarfljóts, tekin saman í tölur fyrir Hulu.

Tafla 9: Magn lífrænna úrgangsefna sem leyfilegt verður að urða í hverju sveitarfélagi/sorpsamlagi

Lífrænn heimilis- og rekstrarúrgangur* (í tonnum á ári)									
	Íbúar á þjónustusvæði 1. des. 2002		Heildar- magn úrgangs 2002	2009		2013		2020	
	fjöldi	% af heild		Áætlað Magn	Leyfileg urðun	Áætlað magn	Leyfileg urðun	Áætlað magn	Leyfileg urðun
Skaftárhreppur	524	0,18	818	578	325	648	216	750	151
Hula	805	0,28	1.273	899	505	1.008	337	1.168	236
Samtals:	1.329	0,46	2.091	1.477	830	1.656	553	1.918	387

* miðað er við 61,15% af heildarmagni

Í landsáætlun er gert ráð fyrir íbúafjölgun á því tímabili sem hún nær yfir. Hins vegar hefur verið um fækkun íbúa að ræða á svæðinu öllu. Þannig eru íbúar í Skaftárhreppi komnir niður í 466 í árslok 2007 og á hinu svæðinu hefur íbúum fækkað um 50, orðnir 755 á saman tíma. Þetta leiðir til minna magns úrgangs sem fellur til hjá föstum íbúum svæðisins. Hins vegar hefur fjöldi ferðamanna aukist á þessu tímabili og þótt ekki séu til nákvæmar tölur þar um, má leiða að því líkum að fjölgun þeirra geri meira en að vega upp á móti fækkun íbúa á svæðinu, bæði hvað varðar fjölda, en ekki síður magn úrgangs, því alla jafna fylgir meiri úrgangur fólki á ferðalögum, þótt slíkt sé ekki einhlítt.

Ef skoðað er hvert heildarmagn úrgangs á svæðinu er, þá er hægt að áætla magn lífræns úrgangs. Miðað er við sama hlutfall og í landsáætluninni, þ.e. að 61,15% af heildarmagni úrgangs sé lífrænn úrgangur. Magnið er greint eftir hvorum hluta sveitarfélagsins í töflu 10.

Tafla 10: Lífrænn úrgangur í sveitarfélögunum, reiknað út frá heildarmagni úrgangs*

	Íbúafjöldi	Heildarmagn úrgangs, í tonnum **	Lífrænn úrgangur, í tonnum***	Lífrænn úrgangur per íbúa í kg.
Skaftárhreppur	466	215	131	281
Mýrdalshreppur	488	672	411	842
Rangárþing eystra, austan Markarfljóts	267	227	139	521
ALLS	1.221	1114	681	558

* Hafa skal í huga að inn í upplýsingar um heildarmagn úrgangs vantar mjög marga flokka, þó mismunandi eftir sveitarfélögum. Vísað er til töflu 3, á bls. 8. Úrgangsflokkar sem vantar alveg inn í heildarmagnið eru garðaúrgangur, timbur og umbúðir með skilagjaldi

** Einungis fengust upplýsingar um magn heimilisúrgangs, að viðbættu heyrúlluplasti og hjólbörðum

*** 61,15% af heildarmagni úrgangs

Inn í tölur um heildarmagn vantar magn þeirra úrgangsflokka, sem ekki er sinnt af sveitarfélögunum s.s. dýrahæ og sláturúrgangur, og að einhverju leyti seyra og garðaúrgangur. Sömuleiðis fengust ekki upplýsingar um magn timburs og umbúðir með skilagjaldi. Í Skaftárhreppi fengust einungis upplýsingar um magn heimilisúrgangs, að viðbættu heyrúlluplasti og hjólbörðum.

Það er því ljóst að þessar tölur um heildarmagn úrgangs og út frá því reiknað magn lífræns úrgangs, gefa engan veginn rétta mynd af því magni úrgangs sem fellur til á starfssvæði Hulu bs. Nauðsynlegt er fyrir sveitarfélögin að bæta vigtun og skráningu á magni úrgangs til að hafa betri yfirsýn og jafnframt auðveldar það alla áætlanagerð um meðhöndlun úrgangs.

Samkvæmt Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs þá féllu árið 2002 að meðaltali til um um 965 kg/íbúa/ári af lífrænum úrgangi. En samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í töflu 10 hér að ofan, falla einungis til um 558 kg/íbúa/ári á starfssvæði Hulu bs. Eins og áður hefur komið fram er þessi tala engan veginn marktæk og ekki hægt að nýta hana í áætlanagerð í úrgangsmálum.

Hins vegar er ljóst, þegar heildarmagn lífræns úrgangs í starfssvæði Hulu bs er skoðað og borið saman við upplýsingar frá Umhverfisstofnun um magn lífræns úrgangs sem leyfilegt verður að urða árin 2009, 2015 og 2020 (tafla 9), kemur í ljós að það magn sem er tilgreint í töflu 10 um lífrænan úrgang á svæðinu, er mun meira en það magn sem leyfilegt verður að urða á síðasta hluta tímabilsins, þrátt fyrir að mikið magn vanti inn í tölur um heildarmagn úrgangs. Því er ljóst að grípa þarf til aðgerða til að ná markmiðum reglugerðar og landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs, þó á það einkum við um Mýrdalshrepp og Rangárþing eystra, þar sem Skaftárhreppur hefur nú þegar komið á verulegri flokkun úrgangs.

4.5. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs

Einn mikilvægur þáttur sem skoða þarf, þegar fjallað er um meðhöndlun og förgun úrgangs, er kostnaðarliðurinn. Samkvæmt mengunarbótareglunni skal sá sem veldur mengun, greiða þann kostnað sem af henni hlýst. Því ættu tekjur sveitarfélaga af sorphirðugjöldum og sorpförgunargjöldum að standa undir kostnaði sem hlýst af þessum málaflokk. Tafla 11 sýnir sorphirðukostnað heimila og tafla 12 sýnir kostnað sveitarfélaganna þriggja við meðhöndlun úrgangs.

Tafla 11: Sorphirðukostnaður heimila, árið 2009

Sveitarfélag	Sorphirðugjald	Sorpförgunargjald	Samtals
Skaftárhreppur	kr. 15.895		kr. 15.895
Mýrdalshreppur	Kr. 26.800		kr. 26.800
Rangárþing eystra	kr. 17.205		kr. 17.205

Tafla 12: Kostnaður sveitarfélaga (í þús. kr.)

Sveitarfélag	Sorphirðu-kostnaður	Flutnings-kostnaður	Meðhöndlunar-kostn.	Annar kostnaður ¹	ALLS	Heildar-tekjur	Mismunur
Skaftárhreppur	14.856	492	3.005	11.566	29.920	14.408	-15.511
Mýrdalshreppur	3.717		5.186		8.903	6.969	-1.934
Rangárþing eystra *	15.872		7.588		23.460	12.456	-11.004

* Miðað við 11 mánaða uppgjör.

Skaftárhreppur

Í Skaftárhreppi ná tekjur vegna sorpgjalda einungis að standa undir tæpum helmingi þess kostnaðar sem hlýst af úrgangsmálum. Ekki er fyllilega ljóst hvaða áhrif það hefur á heildarkostnað sveitarfélagsins, sú breyting sem varð á meðhöndlun úrgangs seinni hluta árs 2008. En gera má ráð fyrir að kostnaður aukist til að byrja með, en til lengri tíma lituð muni hann lækka. Einnig hefur áhrif að rekin er sorpbrennslustöð, þar sem orkan er nýtt til upphitunar sundlaugar og skólahúsnaðis. Brennsla úrgangs er dýrari aðferð til förgunar en urðun, en á móti kemur að með þessu móti fæst orka sem kemur í stað aðkeyptar orku. Núverandi meðhöndlun og förgun úrgangs er mjög til fyrirmyndar í Skaftárhreppi og ljóst að sveitarfélagið nær að uppfylla markmið í lögum og reglugerðum um meðhöndlun úrgangs og skýrir það að hluta þann kostnað sem hlýst af þessum málaflokk.

¹ Allur annar kostnaður ss. stjórnunarkostnaður, fjármagnskostnaður, landnotkun, þróun, kynning o.fl.

Mýrdalshreppur

Í Mýrdalshreppi er hæstu sorpgjöldin af sveitarfélögunum þremur sem mynda byggðasamlagið Hulu. Til að auka gegnsæi sorpgjaldanna eru þau sundurgreind annars vegar í gjöld vegna sorphreinsunar og förgunar, sem eru kr. 12.600 árið 2009 og hins vegar gjöld vegna gá mavallar og endurvinnslu, kr. 14.200 eða alls kr. 26.800 árið 2009. Þessi sundurliðun gjalda er óvída í sveitarfélögum og er þetta mjög til fyrirmyndar. Einkum sá hluti að deila kostnaði af gá mavelli og endurvinnslu á alla greiðendur sorpgjalda, eins og gert er í Mýrdalshreppi. Með þessu móti er auðveldara fyrir íbúa að sjá kostnaðarhlutfall milli einstakra þátta við hirðingu og förgun úrgangs.

Þrátt fyrir að sorpgjaldið sé hæst í Mýrdalshreppi, dugar það ekki til, þar sem tekjurnar samsvara einungis um 80% af þeim kostnaði sem hlýst af þessum málaflokk. Síðustu ár hefur bilið á milli kostnaðar og tekna aukist en sveitarstjórn hefur hikað við að hækka gjaldskrár í samræmi við hækkandi kostnað.

Rétt er að minna á að núverandi meðhöndlun og förgun úrgangs tryggir ekki að sveitarfélagið nái þeim markmiðum sem sett eru lögum og reglugerðum um meðhöndlun úrgangs. Til að uppfylla þau markmið þarf að grípa til aðgerða sem munu að öllum líkindum fela aukinn kostnað í för með sér og þar af leiðandi til hækkunar á sorpgjöldum.

Rangárþing eystra

Í sveitarfélaginu er sama gjaldskrá fyrir allt svæðið, hvort sem er austan eða vestan Markarfljóts. Einnig er torvelt að fá sér upplýsingar um kostnað og tekjur vegna eystri hluta sveitarfélagsins. Af þeim sökum er fjallað um heildarkostnað og -tekjur sveitarfélagsins af úrgangsmálum. Tekið skal fram að tölurnar sem sýndar eru, ná einungis yfir fyrstu 11 mánuði ársins, þannig að líkast til munu gjöldin fyrir árið hækka, en líklega er megnið af tekjunum komið inn í lok nóvember.

Í sveitarfélaginu er sorphirðugjald fyrir heimili kr. 17.205 og er sama gjald fyrir fyrirtæki, miðað við eina tunnu, en síðan er gjaldið margfeldi af fjölda tunna sem hvert fyrirtæki þarf. Fyrstu 11 mánuði ársins 2008 voru heildartekjur af sorphirðugjöldum tæplega 12,5 milljónir króna, en heildarkostnaður sveitarfélagsins af málaflokknum var hins vegar tæplega 23,5 milljónir króna og mismunurinn því um 11 milljónir. Niðurgreiðsla sveitarfélagsins er því nálega helmingur af þeim kostnaði sem hlýst af hirðingu og meðhöndlun úrgangs. Bilið milli tekna og gjalda er hlutfallslega mest í þessu sveitarfélagi, af þeim þremur sem mynda byggðasamlagið Hulu og er líklega meira heldur en taflan gefur til kynna, þegar búið er að bæta við kostnaði sem bókfærður verður í desember 2008. Því er nauðsynlegt fyrir yfirvöld að taka gjaldskrá um sorphirðu til endurskoðunar til að komast nær því að tekjur standi undir þeim kostnaði sem af málaflokknum hlýst.

Þrátt fyrir þennan mikla mismun á tekjum og kostnaði, þá er meðhöndlun úrgangs ekki þannig háttáð að markmiðum hins opinbera um meðhöndlun úrgangs, sé náð. Því þarf sveitarfélagið að ráðast í endurskoðun á bæði meðhöndlun úrgangs og gjaldskrá fyrir sorphirðu.

Samantekt

Að ofangreindu er ljóst að öll sveitarfélögin þurfa að breyta gjaldskráum sínum til að tekjur standi undir kostnaði af málaflokknum. Ennfremur skal þess getið að ekkert sveitarfélaganna er með gjaldskrá sem er magntengd, þannig að ávinningur hvers og eins íbúa af því að draga úr myndun úrgangs, er enginn, nema til lækkunar á heildargjöldum vegna málaflokksins. Nánar er fjallað um lausnir sem sveitarfélögin geta gripið til í 7. kafla; tillögur um aðgerðir.

5. Niðurstöður

Urðunarstaðir:

- Stjórnarsandur þykir óhentugur að því leyti að jarðvatn stendur hátt í honum og því aukin hætta á útskolun efna úr úrganginum. Hins vegar er tiltölulega lítið urðað þarna, þar sem meiri hluti úrgangs fer annað hvort til jarðgerðar, endurvinnslu eða brennslu. Það er því að mestu leyti óvirkur úrgangur, aska og sláturúrgangur sem þarna er urðaður, en rétt er að benda á að sláturúrgangurinn getur skapað vandamál.
- Öxarfótarlækur er tiltölulega lítið notaður til urðunar, nema helst fyrir byggingarúrgang og seyru. Seyrugryfjur eru ekki nægjanlega afgirtar og getur stafað hætta af því.
- Skógasandur hentar vel til urðunar frá náttúrunnar hendi. Það er hins vegar lítil umbúnaður á svæðinu, s.s. engin söfnun sigvatns og því óvíst hversu lengi staðurinn fær starfsleyfi. Ef dregið er úr urðun lífræns úrgangs, minnka um leið þau umhverfisáhrif sem stafa af urðunarstaðnum. Nóg landrými er til stækkunar á urðunarstaðnum.
- Starfsleyfi allra urðunarstaðanna rennur út um mitt ár 2009.

Skafthreppur:

- Ástand í úrgangsmálum sveitarfélagsins er til mikillar prýði, þar sem komin er á mikil flokkun úrgangs við myndunarstað.
- Þeim úrgangsflokkum sem úrvinnslusjóðsgjald er á, er komið til endurvinnslu og móttaka er á spilliefnum og þeim komið í viðeigandi förgun.
- Brennsla úrgangs getur skapað vandamál, þar sem þetta er kostnaðarsöm aðferð við förgun úrgangs en á móti kemur að orka fæst sem nýtist til hitunar sundlaugar og húsnæðis. Nauðsynlegt er fyrir sveitarfélagið að fara í nákvæma greiningu á þeim kostnaði og þeim ábata sem fæst af þessari förgun úrgangs, bæði út frá efnahagslegu og umhverfislegu sjónarmiði.
- Gjaldtaka vegna úrgangsmála dugar engan veginn fyrir þeim kostnaði sem hlýst af þessum málaflokki.
- Umgengni íbúa við gámaplan er ekki nægjanlega góð og dæmi um að úrgangur sem rangt flokkaður í gáma.
- Núverandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs þarf að aðlaga núverandi fyrirkomulagi.
- Engin reglulega tæming rotþróa er í sveitarfélaginu.

Mýrdalshreppur:

- Mikið vantar upp á að núverandi fyrirkomulag í úrgangsmálum sveitarfélagsins uppfylli þær kröfur sem gerðar eru, s.s. að draga úr urðun á lífrænum úrgangi.
- Lítil sem enginn hvati er fyrir íbúa að flokka sinn úrgang og íbúum ekki auðveldað að flokka úrgang, t.d. með því að hann sé sóttur heim.
- Á opnu gámasvæði er móttaka á þeim úrgangsflokkum sem úrvinnslusjóðsgjald er fyrir, en brotalamir eru á að flokkun og umgengni sé nægjanlega góð. Einnig er það galli að t.d. bylgjupappi er flokkaður sér, en síðan er hann fluttur til urðunar á Skógasandi. Öðrum flokkuðum úrgangi er komið til endurvinnslu og spilliefnum til viðeigandi förgunar.
- Nokkuð vantar upp á að gjaldtaka vegna úrgangsmála dugi fyrir þeim kostnaði sem hlýst af þessum málaflokki, þótt munurinn sé minni en í hinum sveitarfélögunum tveimur.

Rangárþing eystra:

- Líkt og í Mýrdalshreppi vantar mikið upp á að núverandi fyrirkomulag í úrgangsmálum sveitarfélagsins, austan Markarfljóts, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru, s.s. að draga úr urðun á lífrænum úrgangi.
- Þótt íbúar sveitarfélagsins hafi aðgang að gámaplani sveitarfélagsins á Hvolsvelli, er óvíst að þeir nýti sér það, vegna fjarlægðar. Íbúum er ekki auðveldað að flokka úrgang við myndunarstað, s.s. með því að flokkaður úrgangur sé sóttur heim.
- Í sveitarfélaginu í heild duga tekjur af þessum málaflokki einungis fyrir um helmingi þess kostnaðar sem hlýst af honum. Engin efnahagsleg umbun er fyrir þá sem flokka úrgang vel og/eða draga úr myndun úrgangs.
- Austan Markarfljóts hafa íbúar aðgang að nokkrum gámum fyrir málma, timbur og spilliefni, auk þess sem þeir geta farið með þessa flokka, sem og aðra á opið gámasvæði sem er við urðunarstaðinn á Skógasandi.
- Engin regluleg tæming rotþróa er í þessum hluta sveitarfélagsins, utan byggðakjarnans á Skógum.

6. Spá um þróun til ársins 2020

Áætlað er að íbúafjöldi á svæðinu verði svipaður næstu árin og hefur verið síðustu ár. Búast má við einhverri fjölgun ferðamanna á svæðinu, með tilheyrandi aukningu í magni úrgangs, en ekki er reiknað með að aukningin verði það mikil að hún hafi áhrif á hvaða leiðir skuli velja við meðhöndlun úrgangs á starfssvæði byggðasamlagsins Hulu. Sömuleiðis er búist við að samsetning atvinnulífsins verði áþekk því sem nú er.

Ef hins vegar verða umtalsverðar breytingar í fólksfjölda, fjölda ferðamanna eða samsetningu atvinnulífsins, þarf að breyta tillögum um meðhöndlun úrgangs og forgangsröðun þeirra.

7. Tillögur um aðgerðir

Hér að neðan eru tillögur að aðgerðum í meðhöndlun úrgangs á starfssvæði byggðasamlagsins Hulu. Fyrst eru tillögur sem eiga við öll sveitarfélögin þrjú, en síðan er hvert sveitarfélag um sig tekið fyrir og tillögur um úrbætur hjá hverju og einu þeirra. Tillögunum er í grófum dráttum raðað í mikilvægisröð.

7.1. Tillögur fyrir starfssvæði Hulu

Starfsleyfi urðunarstaða

Tryggt verði að allir urðunarstaðir hafi gilt starfsleyfi og unnið verði eftir því.

Vigtun og skráning úrgangs

Komið verði á vigtun og skráningu í samræmi við það viðmiðunarform sem Umhverfisstofnun hefur gefið út fyrir móttöku og ráðstöfun úrgangs. (Sbr. upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar og viðauka 6 í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs).

Móttaka á raf- og rafeindatækjum

Samið verði við fyrirtækið RR-skil um fyrirkomulag á meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs í sveitarfélaginu þremur. Þetta verði gert til að uppfylla markmið reglugerðar um raf- og rafeindatækjaúrgang nr. 1104/2008.

Kerfisbundin tæming rotþróa

Komið verði á kerfisbundinni tæmingu rotþróa í öllum sveitarfélögum. Samkvæmt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, skulu sveitarstjórnir sjá til þess að slíkri tæmingu sé komið á.

Lágmarka myndun úrgangs

Fyrirtæki, einstaklingar og aðrir verði hvattir til að draga úr myndun úrgangs. Komið verði á framfæri fræðsluefni um hvernig hægt sé að standa að slíku. Bæði sé þetta haft í huga við framleiðslu á vörum, en einnig við innkaup, þ.e. að fyrst sé metið hvort raunveruleg þörf sé fyrir vöruna, hvort hægt sé að gera við eldri vörur og að valdar séu frekar þær vörur sem hafa minni umbúðir.

Rúlluplast á Skógasandi

Rúlluplast sem urðað var á Skógasandi fyrir nokkrum árum, verði grafið upp og komið í endurvinnslu, þegar verð á rúlluplasti er orðið ásættanlegt og áður en plastið skemmist við þessa geymslu.

Bann við notkun úrgangskvarna

Í samþykktir sveitarfélaganna um meðhöndlun úrgangs verði bætt við banni við notkun úrgangskvarna í eldhúsvaska, þar sem með notkun þeirra er verið færa vandann við meðhöndlun á lífrænum úrgangi yfir á fráveitukerfið og notkun þeirra getur skapað mörg vandamál vegna meðhöndlunar fráveituvatns, þ.á.m. vegna meðhöndlunar seyru. Sömuleiðis skapar þetta aukið álag á rotþrær og eykur magn fastra efna sem í þær fer, auk þess sem eiginleikar þess efnis sem úr þeim kemur eru annars konar en seyru.

Grænt bókhald og opinber innkaup

Sveitarfélögin hvert um sig móti sér stefnu um opinber innkaup, auk þess sem þau taki upp grænt bókhald. Tilgangur þessa er að með þessu móti sé dregið úr myndun úrgangs hjá stofnunum sveitarfélaganna.

Vistvernd í verki

Sveitarfélögin gerist aðilar að verkefninu *Vistvernd í verki* sem haldið er úti af Landvernd og er þetta liður í að miðla fræðslu til íbúanna og þannig vinna markvisst að því að draga úr myndun úrgangs í sveitarfélögum.

Skaftárhreppur

Gjaldskrá

Sveitarfélagið geri þær breytingar á gjaldskrá um sorphreinsun að tekjur af sorpgjöldum standi undir kostnaði sem hlýst af meðhöndlun og förgun úrgangs. Samkvæmt reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 skal gjald fyrir förgun úrgangs nægja fyrir þeim kostnaði sem af förgun hlýst. Út frá mengunarbótareglu er æskilegt að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs nægi fyrir þeim kostnaði sem af meðhöndluninni hlýst.

Gámasvæði

Útbúið verði lokað gámasvæði í sveitarfélaginu sem verði mannað á ákveðnum tímum. Þetta verði gert til að tryggja rétta flokkun úrgangs í gáma og góða umgengni. Íbúar sveitarfélagsins verði fræddir um hvaða úrgangsflokkum eigi að skila á gámasvæðið, hvernig ganga eigi frá úrganginum o.fl.

Samþykktir um meðhöndlun úrgangs

Núverandi samþykktir um meðhöndlun úrgangs, verði aðlagðar núverandi fyrirkomulagi.

Kostnaðar-ábatagreining á brennslu úrgangs

Sveitarfélagið ráðist í nákvæma greiningu á þeim kostnaði og þeim ábata sem fæst af brennslu úrgangs, bæði út frá efnahagslegu og umhverfislegu sjónarmiði. Þetta verði gert til að leita svara við hvernig hægt er að ná niður kostnaði af þessum málaflokki, en jafnframt að nota sem besta aðferð við meðhöndlun úrgangs út frá umhverfislegu sjónarmiði.

Mýrdalshreppur

Gámasvæði

Útbúið verði lokað gámasvæði í sveitarfélaginu sem verði mannað á ákveðnum tímum. Þetta verði gert til að tryggja rétta flokkun úrgangs í gáma og góða umgengni. Íbúar sveitarfélagsins verði fræddir um hvaða úrgangsflokkum eigi að skila á gámasvæðið, hvernig ganga eigi frá úrganginum o.fl.

Gjaldskrá

Sveitarfélagið geri þær breytingar á gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpförgun að tekjur af sorpgjöldum standi undir kostnaði sem hlýst af hirðingu og meðhöndlun úrgangs.

Við breytingar á gjaldskrá verði haft í huga að annað hvort verði gjald tengt magni úrgangs sem hvert heimili og fyrirtæki skilar frá sér, eða að gerðar verði þær breytingar á meðhöndlun úrgangs að allir aðilar í sveitarfélaginu skuli flokka úrgang við myndunarstað, þannig að magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar, minnki.

Aukin flokkun úrgangs – bráðabirgðaleið

Íbúar verði hvattir til aukinnar flokkunar úrgangs, þó án þess að farið sé út í kostnaðarsamar aðgerðir. Þetta verði eins konar bráðabirgðalausn, þangað til komið verði á mikilli flokkun úrgangs við myndunarstað, s.s. með „þriggja tunnu leið“. Kannaðir verði möguleikar á að ráða manneskju af atvinnuleysissskrá, til að vera á gámaplani 2-3 dagsparta í viku og hlutverk hennar væri að tryggja góða flokkun úrgangs og þar með auka verðmæti þess úrgangs sem er hæfur til endurvinnslu, jafnframt að minnka það magn sem fer til urðunar. Þessi manneskja myndi einnig aðstoða við miðlun fróðleiks til íbúa, s.s. upplýsingum á heimasíðu og í fréttabréf, maður á mann o.fl.. Svona starfsemi skilaði betri árangri ef búið væri að loka gámasvæði áður.

Aukin flokkun úrgangs – „þriggja tunnu leið“

Sveitarfélagið kanni möguleika á breytingu á meðhöndlun úrgangs, þar sem komið verði á svokallaðri „þriggja tunnu leið“, þar sem við hvert heimili og fyrirtæki verði komið þremur tunnum þar sem íbúarnir flokka úrganginn strax við myndunarstað. Jafnframt verði komið á jarðgerð á lífrænum úrgangi sem þannig safnast og þeim úrgangsflokkum sem úrvinnslusjóðsgjald er á, verði komið til endurvinnslu. Með þessu móti nást markmið laga og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, auk landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs, þar sem lögð er áhersla á að draga úr urðun á lífrænum úrgangi. Jafnframt er dregið úr urðun á þeim verðmætum sem felast í úrgangi, bæði lífrænum úrgangi og ekki síður þeim úrgangsflokkum sem henta til annars konar endurvinnslu.

Fræðsla

Fræðsla til íbúa og fyrirtækja um meðhöndlun úrgangs verði stóraukin. Bæði sé fræðslu miðlað í undirbúningi breytinga, sem og þegar breytingar hafa orðið. Tryggt sé líka að eftirfylgni í formi fræðslu sé góð og stöðugt í gangi.

Rangárþing eystra**Gjaldskrá**

Sveitarfélagið geri þær breytingar á gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpförgun að tekjur af sorpgjöldum standi undir kostnaði sem hlýst af meðhöndlun og förgun úrgangs.

Við breytingar á gjaldskrá verði haft í huga að annað hvort verði gjald tengt magni úrgangs sem hvert heimili og fyrirtæki skilar frá sér, eða að gerðar verði þær breytingar á meðhöndlun úrgangs að allir aðilar í sveitarfélaginu skuli flokka úrgang við myndunarstað, þannig að magn úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar, minnki.

Aukin flokkun úrgangs

Sveitarfélagið kanni möguleika á breytingu á meðhöndlun úrgangs, þar sem komið verði á svokallaðri þriggja-tunnu leið, þar sem við hvert heimili og fyrirtæki verði komið þremur tunnum þar sem íbúarnir flokka úrganginn strax við myndunarstað. Jafnframt verði komið á jarðgerð á lífrænum úrgangi sem þannig safnast og þeim úrgangsflokkum sem úrvinnslusjóðsgjald er á, verði komið til endurvinnslu. Með þessu móti nást markmið laga og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, auk landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs, þar sem lögð er áhersla á að draga úr urðun á lífrænum úrgangi. Jafnframt er dregið úr urðun á þeim verðmætum sem felast í úrgangi, bæði lífrænum úrgangi og ekki síður þeim úrgangsflokkum sem henta til annars konar endurvinnslu.

Fræðsla

Fræðsla til íbúa og fyrirtækja um meðhöndlun úrgangs verði stóraukin. Bæði sé fræðslu miðlað í undirbúningi breytinga, sem og þegar breytingar hafa orðið. Tryggt sé líka að eftirfylgni í formi fræðslu sé góð og stöðugt í gangi.

Staðardagskrá 21

Sveitarfélagið nýti sér aðferðafræði Staðardagskrár 21, til að móta stefnu sveitarfélagsins og verði sérstök áhersla lögð á lágmarkun, meðhöndlun og förgun úrgangs í þeirri áætlun.

Viðauki 1: Skilgreiningar

Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrum eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

Besta fáanlega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

Brennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.

Endurnotkun: endurtekin notkun úrgangs í óbreyttri mynd.

Endurnýting: hvers konar nýting úrgangs, önnur en endurnotkun, þ.m.t. endurvinnsla og orkuvinnsla.

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

Flokkunarmiðstöð: staður þar sem tekið er við úrgangi sem er safnað saman kerfisbundið til flokkunar, til endurnýtingar og/eða til förgunar.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Förgun úrgangs: aðgerð eða ferli þegar úrgangi er umbreytt og/eða komið fyrir varanlega, svo sem urðun og sorpbrennsla.

Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.

Heimilisúrgangur (sorp): úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

Losunarmörk: mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.

Óvirkur úrgangur: úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

Raf- og rafeindatækjaúrgangur: Raf- eða rafeindatæki sem er úrgangur, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.

Samþættar mengunarvarnir: aðferð þar sem samþættum aðgerðum er beitt til að draga sem mest úr losun mengunarefna út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og stuðla að víðtækri umhverfisvernd með því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið ef mengun færir á milli lofts, láðs og lagar.

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

Umflutningur: flutningur úrgangs í íslenska höfn og þaðan út aftur án tollafgreiðslu.

Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

Urðunarstaður: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður fyrir eigin úrgang og varanlegur staður þar sem úrgangur er geymdur til lengri tíma.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr.

Vöktun: kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Viðauki 2: Gildandi lög og reglugerðir

Lög

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald
- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur
- Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
- Reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs
- Reglugerð nr. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang
- Reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.
- Reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum
- Reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald
- Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang
- Reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi
- Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni
- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit
- Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun
- Reglugerð nr. 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs